

Mál nr. 226/2015
M og
vátryggingafélagið V vegna slysaftryggingar sjómanna X.

Afleiðingar slyss í skipi 29. nóvember 2011. Tilkynningafrestur.

Gögn.

1. Málskot móttækið 9. júní 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 13. júlí 2015.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M féll í stiga um borð í skipi X 29. nóvember 2011. V fékk tilkynningu um atvikið 16. ágúst 2013. Ekki virðist um að ræða ágreining um að atvikið átti sér stað eins og M lýsir en ágreiningur er um hvort V hafi fengið tilkynningu um tjónið innan árs frá því M vissi um atvik sem krafa hans er reist á skv. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og ef svo er hvort sannað sé hvaða líkamlegu afleiðingar atvikið hafði.

M telur að hann hafi hlotið áverka í umræddu atviki sem hafi leitt til einkenna sem hann á við að glíma í dag og að hann hafi ekki vitað um atvik sem krafa hans er reist á fyrr en í fyrsta lagi 16. ágúst 2012. M vísar til læknisfræðilegra gagna og greinargerð frá sjúkraþjálfara máli sínu til stuðnings og telur að þar komi fram að einsýnt sé að orsakatengsl séu á milli atviksins og einkenna hans. M vísar til þess að hann hafi ekki átt þess kost að vita um atvik sem krafa hans er reist á fyrr en eftir að hann var búinn að vera í meðferð hjá sjúkraþjálfara sumarið 2012 og hann var búin að fá meðferð frá sérfræðingum á sama tíma.

V rekur læknisheimsóknir M og vísar til þess að hann hafi farið til sérfræðinga strax í byrjun árs 2012 og hafi þá verið greindur með brjóskeklu í apríl 2012, þá hafi hann einnig verið metinn óvinnufær og fengið vottorð þess efnis. Þá hafi hann átt að vita um atvik að baki kröfu sinni og ársfrestur 124. gr. laga um vátryggingarsamninga hafi því byrjað að líða strax í kjölfar atviksins í lok nóvember 2011. Í síðasta lagi hafi M átt að vita um atvik að baki kröfu sinnar þegar hann fór í skoðun hjá sérfræðingi í bæklunarlækningum í maí 2012. V bendir einnig á að læknisfræðileg gögn málsins sýni ekki með skýrum hætti að orsakatengsl séu milli atviksins í lok nóvember 2011 og þeirra einkenna sem M á við að stríða í dag og bendir sérstaklega á læknisvottorð þar sem sérfræðingur í bæklunarlækningum lýsir þeirri skoðun sinni að einkenni M séu frekar að rekja til slitbreytinga en áverka.

Álit.

Í málinu er í fyrsta lagi ágreiningur um hvort M hafi tilkynnt um tjón sitt til V innan árs frá því að hann vissi um atvik sem krafa hans er reist á, sbr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. Þegar gögn málsins eru skoðuð má sjá að M leitaði til lækna og sjúkraþjálfara vegna afleiðinga atviksins 29. nóvember 2011 í desember 2011 og áfram á vor- og sumarmánuðum 2012. Á því tímabili kom m.a. fram mat lækna á því að M væri með brjóskeklu og ýmis meðferð reynd, þ.á.m. svokölluð rötardeyfing. Þann 16. ágúst 2012 fékk M upplýsingar um að sú meðferð myndi ekki skila bata og ári síðar tilkynnti hann um tjón til V. Verður að telja m.v. þær upplýsingar sem koma fram í læknisfræðilegum gögnum og öðrum gögnum sem fjalla um líkamlegt ástand M að hann hafi fyrst eftir umræddar upplýsingar vitað um atvik sem krafa hans um bætur fyrir varanlega örorku er reist á. Telst M því hafa tilkynnt málið til V innan þess frests sem tilgreindur er í 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Í öðru lagi er ágreiningur um hvort orsakatengsl séu á milli þess atviks sem varð 29. nóvember 2011 og þeirra einkenna sem M á við að stríða í dag. Verður af læknisfræðilegum gögnum ekki með endanlegum hætti ráðið að hve miklu leyti tiltekin einkenni sé hægt að rekja til umrædds

atviks, enda liggur ekki fyrir endanlegt mat á umræddum afleiðingum. Þessi gögn eru þó talin sýna að atvikið hafi haft einhverjar varanlegar líkamlegar afleiðingar fyrir M.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

Reykjavík 18. ágúst 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.